

Vegna framlagningar á óbreyttu frv. til breytinga á lögum um húsnæðissamvinnufélög
nr.66/2003 – þingskjal 503 - 370.mál 2015

Áriðandi er að endurskoðun laga um húsnæðissamvinnufélög nr. 66/2003 verði lokið sem fyrst – á grundvelli málefnalegrar vinnslu.

Búseti á Norðurlandi og samstarfsfélög hafa mjög hvatt til þess að sú leið verði farin við breytingu á lögum um að þau leggi **almennan ramma** fremur en einstrengingsleg og íþyngjandi fyrir máli.

- Stjórnendur Búseta í Reykjavík og Búseta á Norðurlandi hafa tjáð líkar áherslur varðandi æskilegar lagabreytingar þrátt fyrir að starfa á mjög ólíkum markaðssvæðum. Það vekur því óneitanlega vonbrigði og furðu ef (sér)áherslur Búseta í Reykjavík varðandi markaðsvæðingu allra viðskipta með búseturétt verða, að tillögu húsnæðisráðherra, festar í lög. Slík breyting gengur gegn almennum viðmiðunum samvinnurekstrar um jafnræði félagsmanna óháð efnahag og reynsla aðila af vanda íbúðafélaga – t.d. og EIR og Búmanns - ætti að verða mönnum til varnaðar. Að mati Búseta á Norðurlandi er mikilvægt að öll ákvæði er verða viðskipti með búseturétti og uppsögn búsetusamninga verði framvegis fest í samþykktum einstakra félaga - en undir engum kringumstæðum skapaður sá “freistnivandi” með þringdum lögum að einstakir búseturéttareigendur selji frá sér búseturétt þegar uppgangur er og leysi út úr félagi sínu (um leið og þeir yfirgefa það!) – allan ávinning af hækkuðu íbúðaverði - meðan félagið verður áfram skilið eftir með skuldsetningu og alla áhættu af lakkandi verði og áföllum í rekstri.

Markmið löggjafans með breytingum á lögum um húsnæðissamvinnufélög hljóta að beinast að því tryggja að markmið stjórnvalda í húsnæðismálum nái fram að ganga - um allt land.

- Skýrsla verkefnisstjórnar frá því í maí 2014 – og það viðtæka samráð sem að baki hennar lá - gekk sannarlega út á að húsnæðissamvinnufélög yrðu eflid og að lagt væri að mörkum til að hagkvæmur og öruggur almennur leigumarkaður mundi verða til. Því miður hafa höfundar frumvarpsins sem lagt var fram á síðast Alþingi greinilega ekki verið nægilega vel inni í þeim undirbúningi sem húsnæðisráðherra hafði stofnað til; sést það bæði á því að frumvarpstextinn og greinargerðin reyna ekki að útfæra markmið ríkisstjórnarinnar eða lýsa því hvernig að því mætti vinna með tilteknum breytingum á lögum um húsnæðissamvinnufélög – auk þess sem þekking þeirra á skipulagi og meginhefðum samvinnustarfs reynist “götótt” í meira lagi.
- Það er augljóst að forsendur til að byggja íbúðarhúsnæði víða um landsbyggðina verða ekki skapaðar nema með viðtækri samvinnu sveitarfélaga við neytendur og velvildarfjárfesta í “atvinnulífi” á hverjum stað. Húsnæðissamvinnufélög geta orðið farsæll farvegur fyrir slíku samstarfi – en til þess þarf að rýma í lagarammanum fyrir slíku og ma. tryggja kjörgengi fulltrúa þessarra aðila í stjórnir - miðað við óbreyttar reglur um heimildir til að sveitarfélög og lögaðilar eigi búseturétti.
- Í mörgum nágrannalöndum eru íbúðafélög almennings án hagnaðarkröfu (not-for-profit) umsvifamikil í rekstri leiguíbúða. Þar er bæði um að ræða (húsnæðis)samvinnufélög og sjálfseignarfélög – mörg stofnuð í meira eða minna samstarfi við opinbera aðila. Samtök leigjenda á Íslandi (SLI), Búseti á Norðurlandi og fleiri hafa hvatt til þess að skýrar heimildir verði í lögum um húsnæðissamvinnufélög til að stofna félög um að byggja og reka leiguíbúðir amk. samhliða rekstri búsetuíbúða.
- Mikilvægt er að tryggja að skýr greinarmunur verði gerður fyrir lögum á almennum og opnum samvinnufélögum/sjálfseignarfélögum sem stofnuð eru og rekin “án hagnaðarkröfu” (not-for-profit) annars vegar og svo félögum sem stofnuð eru með sérstaka eignamyndun og hagnað takmarkaðs hóps hins vegar. Til að tryggjast verði að félög séu rekin án hagnaðarkröfu þá þurfa þau að hafa ákvæði í samþykktum sem banna arðgreiðslur út úr félögum – og einnig ákvæði sem útiloka að viðskipti með búseturétt/hluti færi seljendum persónulegan ávinning umfram aðra félagsmenn um leið og skýr skilyrði séu sett í samþykktum varðandi bann við því að slíta félögum og greiða eigið fé þeirra út til takmarkaðs hóps/allra félagsmanna (sbr. Í greinargerð kafl IV bls17/40). Félag sem raunverulega eru

stofnuð og rekin “án hagnaðarkröfu” eiga ein að geta tekið við ívilnunum opinberra aðila og eiga einnig rétt á að njóta skattfrelsis. Félög sem eru með einhverjum hætti markaðsvædd – eða bjóða upp á að eignamyndun verði leyst út til einstaklinga – munu ekki geta sloppið við greiðslu tekjuskatts og gætu heldur ekki tekið við ívilnunum eða sértækri verðlagningu (t.d. lóða) frá opinberum aðilum.

- Fyrstu lögin um húsnæðissamvinnufélög – sem og gildandi endurskoðun nr. 66/2003 - líta á búseturétt að hluta sem “rétt til heimilis” en ekki bara fjárhagsleg verðmæti. Búsetusamningar eru þannig ítarleg lýsing á gagnkvæmum réttindum og skyldum félagsmanns og félagsins. Bein fjárhagsleg áhætta félagsmanns með kaupum á búseturétti er “takmörkuð og þekkt” áhætta - menn eiga ekki meira undir en það sem þeir leggja út. Almenn tálka gildandi reglur í nágrannalöndum varðandi búseturétt og réttarstöðu leigjenda á húsnæðismarkaði þannig að þar ráði “heimiliséttur” ekki minna en fjárhagsleg réttindi. Með þeim breytingum sem lagt er til í frv. (20.grein) “að búseturéttur falli sjálfkrafa niður við nauðungarsölu” er gengið gegn fyrri ákvæðum eins og tálka má dóm Hæstaréttar 30.apríl 2014. Rökfærslan fyrir því eins og hún er borin fram í greinargerð sýnir virðingarleysi gagnvart heimilisétti skilvísra búseturéttareigenda. Hvers vegna skyldi skilvís einstaklingur eða fjölskylda svipt heimili sínu vegna áfalla, mistaka í rekstri eða mögulega vegna ólöglegra gerninga annarra félagsmanna – þótt fjárhagslegt verðmæti búseturéttarins kynni að verða að engu? Sé rýnt í dóm Hæstaréttar sem áður er minnst á þá er að mati Búseta á Norðurlandi algerlega ástæðulaust að setja inn nýtt og fyrirvaralaust ákvæði af þessu tagi sem í raun “hámarkar tjón” skilvísra með því að svipta þá heimilinu. Hins vegar er eðlilegt að setja inn “mildandi” ákvæði um meðferð og réttarstöðu búseturéttareigenda þegar komið hefur til nauðungarsölu búsetuíbúðar – bæði varðandi rétt til setu íbúðar og varðandi uppgjör á búseturétti við svo breyttar aðstæður. Áhætta á því að íbúð sem setin er af skilvísu búseturéttareiganda lenti á nauðungarsölu er hins vegar lítil – og slík hættu miklu fremur bundin við eignir sem ekki eru setnar eða af eftirspurn í félagi í heild hrynur.
- Mikilvægt er að viðhalda banni við veðsetningu búseturéttar og þannig að koma í veg fyrir að gert verði fjárnám í búseturétti og fjárhagsvandræðum einstaklings þannig velt að einhverju leyti yfir á félag og aðra félagsmenn. Fyrir liggur Hæstaréttardómur sem er ótvíræður að því leyti að komi til gjaldþrotaskipta á búi einstaklings sem jafnframt er búseturéttareigandi þá skuli fara fram þvinguð sala á búseturétti viðkomandi eftir ákvæðum þinglýsts búsetusamnings og þeim reglum sem gilda í viðkomandi félagi nánar.
- Varðandi fyrirkomulag viðhaldsmála – og rekstur annars vegar sjálfstæðra búsetufélaga/húsfélaga og hins vegar móðurfélags er með tillögu að breytingum í 16. grein lagt upp með “flækjustig” sem er dæmi um atriði sem á alls ekki heima í rammalöggjöf sem á að gilda fyrir bæði lítil félög og stór. Sú almenna breyting að viðhald allra eigna sé sameiginlegt mál allra félagsmanna og allra eigna í hverju húsnæðissamvinnufélagi og staðfest var með lögunum 2003 – hefur gefist vel. Viðhaldssjóðir eru þannig sameiginlegir – en ekki séreign einstakra íbúða, fjölbýlishúsa eða íbúðakjarna. Einstökum félögum verður að gefast færi á að útfæra skiptingu og fyrirkomulag og ákvörðum um viðhaldsmál - bæði úti og inni og á lóðum og bílastæðum – í samþykktum sínum. Einmitt og bókstaflega til að koma í veg fyrir að úr verði tvöfalt og flókið ákvarðanaferli – eða að búsetar í einstökum eignum fari að togast á við aðalstjórn félags og draga til sín sértæka hagsmuni umfram aðra félagsmenn.
- Óvissu um möguleika starfandi félaga til fjármögnunar verður að eyða sem fyrst og einnig þarf að verða til virkur vettvangur til stofnunar nýrra félaga og/eða endurskipulagningar starfandi íbúðafélaga. Sérstaklega á þetta við varðandi ótvírætt umboð stjórnar húsnæðissamvinnufélags til að ákvarða verðlagningu búseturéttar – bæði í nýjum eignum og einnig við endursölu búseturéttar í eldri eignum. Jafnframt þarf að tryggja með ótvíræðari hætti en nú virðist vera að þar sem húsnæðissamvinnufélag ber alla áhættu og ábyrgð á rekstri einstakra eigna þá verði mögulegur ávinningur af hækkuðum íbúðaverðum og markaða alltaf nýttur í þágu heildarinnar – en geti einungis gengið “hlutfallslega” til einstakra félagsmanna samfara viðskiptum með búseturétti. Til að slíkt verði tryggt þarf að tilgreina að húsnæðissamvinnufélag hafi undir öllum kringumstæðum “kauprétt

á búseturétti” á föstu verði og með tilgreindum viðmiðunum (t.d. framreiknað miðað við N.vísitölu) og annist viðskiptin eftir almennum og staðfestum reglum. (Hugtakið “forkaupsréttur” hefur hins vegar lent inni í frumvarpinu en þá í því samhengi að með því væri seljanda búseturéttar tryggður allur ávinningur af mögulegri hækkun íbúðaverðs á grundvelli þess sem þarna er kallað “tilboð”. . .).

Sjálfstæði ólíkra félaga og jafngildi

Breytilegar áherslur einstakra félaga - sem verða af mismunandi stærðum og þurfa að starfa á ólíkum markaðssvæðum – verða þá útfærðar í samþykktum hvers einstaks félags. Búseti í Reykjavík starfar á Höfuðborgarsvæðinu - þar sem markaðsaðstæður eru gerólikar því sem ríkir um alla aðra landshluta. Það er þess vegna eðlilegt að áherslur þess félags þróist með öðrum hætti en áherslur félaga á jaðarsvæðum og utan virkra fasteignarmarkaða. Um leið og engum dettur í hug að stinga upp á að við á Akureyri eða í Fjallabyggð getum ráðskast með starfsáherslur sjálfstæðra samvinnufélaga í Reykjavík – þá blasir það auðvitað við að sjálfstæðir borgarar á Ísafirði og í Vestmannaeyjum og á Húsavík vilja sjálfir leggja sínum samvinnufélögum starfsreglur – án þess að vinnulag sem Búseti í Reykjavík hefur þróað verði fest í lög og keyrt yfir alla landsbyggðina.

Með sama hætti er með öllu óviðunandi ef almennu húsnæðissamvinnufélagi verður unnt að slíta og borga þáverandi félagsmönnum út óskipta sameign félagsins. Önnur félagsform ss. Byggingarsamvinnufélög og ehf. félög eru bókstaflega hugsuð til að halda utan um slík “sér-eignamyndandi rekstrarform” - en slíkt samrýmist hins vegar engan veginn almennu viðmiði opinna samvinnufélaga um “sjálfbæran rekstur án hagnaðarkröfu.” Sá “freistnivandi” að einkavæða almannafélög hefur haft þekktar afleiðingar í ekki svo fjarlægri fortíð og átti með öðru þátt í að gera afleiðingar efnahagshruns á Íslandi árið 2008 sínu verri en annars hefði orðið. Þess vegna þarf löggjafinn að gæt þess að leyfa EKKI ákvæðum sem gefa færi á einka-hagnaðarvæðingu húsnæðissamvinnufélaga að fljóta í gegn um þessa endurskoðun.

Umsagnir og athugasemdir sem bárust vegna frumvarpsins á síðasta Alþingi

Það er virkilega gagnrýnivert að í frumvarpstexta skuli ekki hafa verið tekið tillit til neinna athugasemda eða ábendinga frá þeim aðilum sem höfðu fyrir því að leggja að mörkum vegna frv. á síðasta Alþingi. Ekki hafa heldur verið leiðréttar augljósar missagnir eða rangfærslur úr greinargerð eins og hún var lögð fram þá.

Skorað er á velferðarnefnd Alþingis að afla upplýsinga um starfsskilyrði íbúðafélaga í nágrennalöndum á EES-svæðinu – ekki síst í Svíþjóð, Þýskalandi, Hollandi og Austurríki – og leggja fram í greinargerð – þannig að alþingismenn og allur almenningur eigi auðveldara með að átta sig á því frá hvaða nágrennalöndum hægt væri að taka sér hagkvæmar og þróaðar fyrirmyndir. Lagarminn um húsnæðissamvinnufélög ætti þannig að nálgast eða útfæra það sem best hefur gefist meðal nágrennaþjóða á EES-svæðinu.

Verði frumvarpið til breytinga afgreitt óbreytt gengur það mjög alvarlega gegn almennum viðmiðunum um jafnræði félagsmanna í opnu samvinnufélagi – með fyrirvaralausri markaðsvæðingu viðskipta með búseturétti. Með því að félagsmenn sem yfirgefa félag sitt taka með sér allan mögulegan ávinning af hækkun eignaverði þá er líka alvarlega vegið að sjálfbærni í rekstri húsnæðissamvinnufélaganna. Þessi breyting ein og sér kann að leiða til þess að útilokað verði að reka húsnæðissamvinnufélög sem sjálfbærar rekstrareiningar utan Höfuðborgarmiðjunnar.

Til áráttningar:

- Húsnæðissamvinnufélög eru stofnuð til að ná fram aukinni hagkvæmni fyrir neytendur/félagsmenn og í gegn um hagkvæman og sjálfbæran rekstur geta þau lagt að mörkum til aukins öryggis og stöðugleika á húsnæðismarkaði.

- Húsnæðissamvinnufélög ættu öll að vera stofnuð og rekin án hagnaðarkröfu (not-for-profit) og leggja áherslu á að allur afrakstur og ávinningur af byggingarstarfsemi og rekstri gangi beint til neytenda/eigenda og til uppbyggingar og þróunarstarfs í félaginu en verði ekki tekinn út úr greininni.
- Húsnæðissamvinnufélög eru félög eigenda og gera þannig kröfu til þess að vera viðurkennd sem eignarform. Félögin starfa einnig í samkeppni við aðra á markaði – en þurfa að geta átt samstarf við opinbera aðila og velvildarfjárfesta með gagnkvæmum skuldbindingum – og kvöðum ef slíkt er talið hagkvæmt af báðum/öllum viðkomandi aðilum.
- Kaup hóflegs búseturéttar (5-10%) eða leiga/kaupleiga búseturéttar hjá húsnæðissamvinnufélagi getur verið **“hagkvæmt milliskref”** fyrir fólk á öllum aldri á milli leigu á almennum markaði og kaupa eigin íbúðar. Efling húsnæðissamvinnufélaga mundi því einkum verða til að **auka valfrelsi neytenda** og fjölga þeim sem gætu skapað sér húsnæðiöryggi til lengri tíma án verulegrar aðstoðar frá opinberum aðilum. Hugtakið **“leiguréttur”** mundi þarfnast skilgreiningar í löggjöf um húsnæðismál til að nálgast þarfir breiðari hópa (sbr. Sænskar og Þýskar hefðir).
- Skilgreina þarf með almennum reglum hvernig verðlagning lóða og heimildir sveitarfélaga til þróunarstuðnings við íbúðafélög neytenda (sjálfseignarfélög/samvinnufélög) geta lækkað byggingarkostnað og þannig fjölgað þeim sem komast inn í öruggt eignarhúsnæði á eigin forsendum. Jafnhliða þarf að hraða endurskoðun á byggingarreglugerð og mannvirkjalögum þannig að íbúðafélög neytenda (samvinnufélög/sjálfseignarfélög) geti notið meiri sveigjanleika og afsláttar varðandi lágmarksstærðir og gerð íbúða gegn því að sameign í fjölbýli og íbúðakjörnum tryggi aðgengi að rýmum og gæðum sem eru þá í þjónustu og á ábyrgð húsfélags/íbúðafélags.

Ennfrekar til áherslu;

1. Lög um húsnæðissamvinnufélög **verði almennari** – útfærslu á fleiri atriðum en nú er lagt til ætti því að vísa til samþykktu einstakra félaga.
2. Óskynsamlegt og óþarft að viðhalda “lágmarksfjöldi upp á 15 félagsmenn” í húsnæðissamvinnufélagi - þótt undanþáguheimildir verði mögulegt að sækja til ráðherra. Ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að einstaklingar stofni samvinnufélag um byggingu parhúss eða raðhúss í fámennum byggðarlögum – eða um minni fjölbýli - í meiri eða minni samvinnu við sveitarfélög og atvinnulífið. (Sbr. Einnig ákvæði um félagafrelsi og jafnræði - eins og finnsk lög túlka þau ákvæði gagnvart samvinnufélögum með vísan til ESB/EES-reglna.)
3. Ekki er æskilegt að fella niður eftirlit og skráningu húsnæðissamvinnufélaga/íbúðafélaga (hjá velferðarráðuneytinu/húsnæðisstofnun) – þvert á móti mætti rökstyðja að efla þurfi slíkt eftirlit og finna því skilvirkara form - og beinlínis taka skýrar fram að öðrum félagsformum sé til að mynda ekki heimilt að selja “búseturétt” eða gefa með einhverjum hætti í skyn að félög starfi sem samvinnufélög neytenda (sbr. EIR ofl. sem selja búseturétti).
4. Mikilvægt er að lögin lækki þröskulda varðandi eigin fjármögnun félagsmanna og opni á að **húsnæðissamvinnufélög séu stofnuð um byggingu og rekstur leiguíbúða til jafns við búsetuíbúðir eða samhliða** - eða amk. það verði tryggt að þröskuldur eigin fjármögnunar félagsmanns sé svo lágur að unnt verði að koma til móts við þá hópa á húsnæðismarkaði sem nú um stundir virðast búa við mest óryggi (eru á of dýrum og óstöðugum leigumarkaði). Hugtakið **“leiguréttur”** verði þannig innleitt í löggjöf og skilgreint nánar í samþykktum einstakra húsnæðissamvinnufélaga sem mundu kjósa að fara þá leið til að mæta þörfum félagsmanna sinna. “Kaupleiga á búseturétti” – ætti með því að vera gerð að skilvirku formi í þessari lagabreytingu.
5. Mikilvægt er að **sala og verðlagning búseturéttar verði alfarið ákvörðun stjórnar félaga** – þannig að unnt verði að tryggja sjálfbærar rekstur félaganna og eðlilegar forsendur til lántöku – og gildir það bæði um sölu búseturéttar í nýjum íbúðum og við endursölu búseturéttar.

6. Ástæða er til að setja inn í lögín ákvæði sem skapa farveg fyrir samstarfi húsnæðissamvinnufélaga við opinbera aðila/sveitarfélög og við velvildarfjárfesta – um fjármögnun og rekstur – félaganna í heild eða einstakra eininga þeirra.
7. Starfandi húsnæðissamvinnufélög eru klárlega **sammála því að banna “fyrirvaralaus innlausnarskyldu/endurkaupaskyldu” á búseturétti**. Hins vegar verði því alfarið vísað til samþykka einstakra félaga að skilgreina hvernig og að hversu miklu leyti félögin hafa heimild til að leysa til sín óselda búseturétti að fullnægðum eðlilegum skilyrðum varðandi eiginfjárstöðu viðkomandi félags. Slík “innlausn verði þannig alfarið víkjandi” og raski þá ekki eiginfjárstöðu viðkomandi félags.
8. Mikilvægt er að **félög geti ákvarðað sjálf hvort og þá að hve miklu leyti endursala á búseturétti verði markaðstengd** – eða hvort viðskipti með búseturétti fara fram á föstu-/fyrirfram ákveðnu verði með viðmiði af t.d. vísitölu NV. **“Kaupréttur”** félags á búseturétti er þá eðlilegt form sem “forkaupsréttur” hins vegar getur ekki verið – af því að þannig væri félag bókstaflega þvingað til að afhenda einstökum félagsmanni allan mögulegan ávinning af hækkuðu verði eignar við sölu.
9. Skynsamlegt er að áskilja í lögum að til þess að heimilt verði að selja búseturétti umfram 25-30% af verðmæti viðkomandi eignar þá skuli koma til viðbótartryggingar af hálfu félagsins.
10. Íþyngjandi ákvæði um fjárhagslega úttektir eru algerlega óraunhæf fyrir minni félög - og afar hæpið að stíga löggilta endurskoðendur félaganna út úr hlutverki (7.g.frv) – og langsótt umfjöllun í greinargerð að því er þetta varðar. Sama er að segja um fyrirvaralausá opnun fundargerða stjórnar af því að réttur félagsmanna í samvinnufélagi til að krefjast félagsfundar og upplýsinga er ótvíræður.
11. Það verður að teljast fráleit hugmynd að við “uppsögn búsetusamnings” geti seljandi búseturéttar sem ekki gengur út – haldið íbúð um óákveðinn tíma og mögulega safnað vanskilum gagnvart félaginu – að þeim 6 mánuðum liðnum sem almennur uppsagnarfrestur í húsnæðissamvinnufélagi er (sbr.20.grein). Þar er aftur gengið á rétt félagsins og allra annarra félagsmanna í einhverri viðleitni við að tryggja “fjárhagslega hagsmuni einstakra búseturéttareigenda sem eru að yfirgefa félagið.” Miklu skynsamlegra væri að líta t.d. til sænskra og þýskra hefða þar sem óseldur búseturéttur - að loknum liðnum uppsagnarfresti – fellur fyrirvaralaust til félagsins - enda hefur félagið alla áhættu og ábyrgð á rekstri eignarinnar. Nauðsynlegt kann að vera að gefa félagsmanni svigrúm til að afturkalla uppsögn sína við slíkar aðstæður – og framlengja með því búsetusamning sinn ótímabundið með gagnkvæmri ábyrgð og skyldum sínum.
12. Sú hugmynd að húsnæðissamvinnufélög hafi “forkaupsrétt” á uppboðsmarkaði með búseturétt er að líkindum sett inn fyrir misskilning. Með því móti væri verið að staðfesta þann freistnivanda fyrir félagsmenn að þeir selji frá sér búseturétt á þenslutíma – miðað við að þannig geti þeir tekið til sín bókstaflega allan ávinning af hækkuðu eignaverði - (og við skortstöðu á markaði umfram það). Félögin sem skapað hafa félagsmönnum tækifæri til að njóta húsnæðisöryggis með lágmarks eigináhættu við kaup búseturéttar á sanngjörnu verði – sitja þá áfram eftir með alla áhættu af rekstri eigna, viðhaldi og endurnýjun inn í tímabil mögulegrar niðursveiflu - en einstakir félagsmenn geta yfirgefið félagið með verulega fjármuni, sem kæmu þá í engu til allra hinna félagsmannanna eða til að styrkja rekstrargrunn og efla sjálfbærni félagsins. Hugtakið “kaupréttur á föstu verði” er miklu eðlilegri hér - til að tryggja sjálfbærni og jafnræði allra félagsmanna; – seljendur búseturéttanna mundu þannig einungis geta sótt “hlutfallslegan” ávinning.

Að öðru leyti er vísað til umsagna sem lagðar voru fram á síðasta Alþingi vegna frumvarpanna eins og þau lágu þá fyrir.